



Nr. 22/2004
6. ágúst 2004

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok júlí 2004

Í meðfylgjandi yfirliti er sýndur efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands í lok júlí 2004 og til samanburðar í lok júní 2004 og í lok desember 2003.

Seðlabankinn keypti gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði fyrir 1,4 milljarða króna í júlí í samræmi við áætlun hans um aðgerðir til að styrkja gjaldeyrisstöðu sína (sjá t.d. nóvemberhefti *Peningamála* 2003). Töluvert gengistap varð í mánuðinum og dróst gjaldeyrisforði bankans saman um 0,4 milljarða króna. Nam hann 68,1 milljarði króna í lok mánaðarins sem jafngildir 954 milljónum Bandaríkjadala. Gengistapið stafaði af því að gengi íslensku krónunnar styrktist um 2,1% í júlí.

Kröfur Seðlabankans á innlánsstofnanir hækkuðu um 3,8 milljarða króna í júlí og námu 27,4 milljörðum króna í lok mánaðarins. Kröfur á aðrar fjármálastofnanir jukust um 2,8 milljarða króna og námu 9,8 milljörðum króna í mánaðarlok.

Skuldir Seðlabankans við innlánsstofnanir jukust í mánuðinum um 15,6 milljarða króna, en skuldir við aðrar fjármálastofnanir stóðu því sem næst í stað.

Markaðsskráð verðbréf í eigu bankans námu 3 milljörðum króna í júlílok miðað við markaðsverð.

Nettóinnstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana lækkuðu um 9,3 milljarða króna í júlí og námu 16,6 milljörðum króna í lok mánaðarins.

Grunnfé bankans jókst í júlí um 16,5 milljarða króna og nam 46,8 milljörðum króna í mánaðarlok.

Nánari upplýsingar veita bankastjórar Seðlabanka Íslands og Erla Árnadóttir aðalbókari í síma 569-9600.

Efnahagsreikningur Seðlabanka Íslands 30. júlí 2004

	STaðA 31.12.03	STaðA 30.06.04	STaðA 31.07.04	HREYFINGAR 2004 Á árinu	Í júlí
EIGNIR	87.307,0	99.388,1	105.705,7	18.398,7	6.317,6
Erlendar eignir	58.274,1	68.651,6	68.292,4	10.018,3	-359,2
a Gull	1.873,2	1.826,1	1.780,4	-92,8	-45,7
b Sérstök dráttarréttindi IMF	3,5	7,4	7,3	3,8	-0,2
c Gjaldeyrisstaða við IMF	1.962,8	1.977,5	1.937,3	-25,4	-40,1
d Erlendir bankar	22.739,6	26.063,6	26.412,1	3.672,4	348,4
e Erlend verðbréf og ríkisvixlar	31.529,2	38.614,5	37.996,2	6.467,0	-618,3
f Erlendar eignir utan forða	165,9	162,6	159,2	-6,7	-3,4
Innlánsstofnanir	24.038,2	23.598,1	27.444,0	3.405,8	3.845,9
a Endurhverfir samningar	24.038,2	23.598,1	27.444,0	3.405,8	3.845,9
b Daglán	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
c Aðrar kröfur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrar fjármálastofnanir	4.192,6	6.991,0	9.828,7	5.636,0	2.837,7
a Markaðsskráð verðbréf	3.223,2	3.036,7	2.986,7	-236,6	-50,1
b Endurhverfir samningar	969,4	3.954,2	6.842,0	5.872,6	2.887,8
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	715,5	29,2	29,1	-686,4	-0,1
a Markaðsskráð spariskírteini	715,5	29,2	29,1	-686,4	-0,1
Aðrar eignir	86,5	118,1	111,5	24,9	-6,6

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ	87.307,0	99.388,1	105.705,7	18.398,7	6.317,6
Erlendar skuldir til skamms tíma	123,6	287,4	491,6	368,0	204,2
Mótvirði úthlutunar dráttarréttinda IMF	1.734,7	1.747,8	1.712,4	-22,3	-35,4
Seðlar og mynt	10.583,5	11.106,7	11.960,4	1.376,9	853,7
Innlánsstofnanir	11.116,9	19.223,5	34.853,9	23.737,1	15.630,5
a Innstæður	6.615,7	11.769,8	18.789,9	12.174,2	7.020,1
b Bundnar innstæður v/störgreiðslukerfis	3.825,0	1.451,9	1.452,2	-2.372,8	0,3
c Innstæðubréf	4.501,2	6.001,8	14.611,8	10.110,6	8.610,1
d Aðrar kröfur	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Aðrar fjármálastofnanir	33,2	10,1	10,9	-22,3	0,9
a Innstæður	33,2	10,1	10,9	-22,3	0,9
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	22.900,7	25.887,6	16.611,4	-6.289,3	-9.276,3
a Aðalviðskiptareikningar ríkissjóðs	9.689,1	12.496,6	3.241,3	-6.447,8	-9.255,3
b Ríkisstofnanir	1.207,6	876,8	782,8	-424,8	-94,1
c Gjaldeyrisreikningar ríkissjóðs	487,1	716,6	736,2	249,0	19,6
d Bundið innlán	11.516,9	11.797,7	11.851,2	334,3	53,5
Aðrar skuldir	597,5	560,2	588,3	-9,1	28,2
Áætluð afkoma ársins fyrir skatt	.	347,8	-740,2	-740,2	-1.088,0
Gengishagnaður/-tap á árinu	.	725,8	-488,3	-488,3	-1.214,1
Áætlaður hagnaður af rekstri	.	-378,0	-251,9	-251,9	126,1
Stofnfé og annað eigið fé	40.217,1	40.217,1	40.217,1	-	-

Liðir til skýringar

Gjaldeyrisforði (erlendar eignir, a - e)	58.108,2	68.489,1	68.133,2	10.025,0	-355,9
Gjaldeyrisstaða, nettó	57.984,6	68.201,7	67.641,6	9.657,0	-560,1
Innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana, nettó	22.185,2	25.858,4	16.582,2	-5.602,9	-9.276,2
Kröfur á aðra, brúttó	28.317,4	30.707,2	37.384,2	3.405,8	3.845,9
Grunnfé	21.700,4	30.330,2	46.814,3	25.113,9	16.484,1

Allar fjárhæðir í milljónum króna